

MILLE LASKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



MILLE LASKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN

STÆRÐIR

S (M) L (XL) 2XL (3XL) 4XL

UMMÁL Á BRINGU

U.þ.b. 106 (112) 118 (124) 130 (136) 143 sm.

HEILDARLENGD

U.þ.b. 64 (65) 66 (67) 68 (69) 70 sm.

Børstet uld (25% Alpakka, 57% ull, 18% nylon).

4 (4) 5 (6) 7 (7) 8 hnotur, litur 1148.

PRJÓNAR

Sokkaprjónar og hringprjónar nr. 6 og 7 (80 sm).

Við mælum með ZING prjónunum frá Knitpro.

PRJÓNFESTA

14 lykkjur og 20 umferðir sléttprjón á prjóna nr. 7 = 10 x 10 sm.

Uppskriftin er upphaflega úr garni sem er með prjónfestu 13/10 því er gott að gera **prjónfestuprufu** og mæla áður en byrjað er á peysunni. Við mælum með Knitpro prjónfestumáli til að mæla fljótt og örugglega.

Peysan er með klaufum í hliðunum, prjónið kantlykkjurnar alltaf slétt til að fá fallegan kant á klaufinni.

BOLUR

Fitjið upp 69 (73) 77 (81) 85 (89) 93 lykkjur á prjóna nr. 6 og prjónið 5 sm. brugðingu (1 slétt, 1 brugðin). Geymið og prjónið annað stykki eins. Látið brugðingarnar yfir á hringprjón nr. 7.

Látið merkihringi í hliðarnar = 138 (146) 154 (162) 170 (178) 186 lykkjur á prjóninum.

Prjónið slétt í hring þar til bolurinn mælist 32 sm. eða eins og passar.

Í næstu umferð eru felldar af 5 lykkjur sitthvoru megin við merkihringina í hliðunum fyrir handveg = 118 (126) 134 (142) 150 (158) 166 lykkjur á prjóninum. Geymið bolinn.

ERMI

Fitjið upp 32 (34) 36 (38) 40 (42) 44 lykkjur á sokkaprjóna nr. 6 (eða hringprjón nr. 6 ef þið gerið magic loop).

Látið merkihring í byrjun á umferðinni og prjónið 6 sm. brugðingu (1 slétt, 1 brugðin).

Skiptið yfir á sokkaprjóna/hringprjón nr. 7, prjónið slétt í hring og aukið í 1 lykkju sitthvoru megin við merkihringinn með 2ja sm. millibili þar til = 50 (52) 54 (56) 58 (60) 62 lykkjur eru á prjónunum.

Prjónið þar til ermin mælist 42 sm. eða eins og passar.

Fellið af 5 lykkjur sitthvoru megin við merkihringinn fyrir handveg = 40 (42) 44 (46) 48 (50) 52 lykkjur á prjónunum. Prjónið aðra ermi eins.

BERUSTYKKI

Sameinið ermar og bol á hringprjón nr. 7, látið merkihring milli hægri ermi og bakstykkið = umferðin byrjar hér og prjónið 1 umferð slétt.

Látið merkihring í hver samskeyti á bol og ermi = 4 merkihringir í stykkinu.

Gerið laskaúrtöku í næstu umferð þannig:

Prjónið 1 slétt, 2 slétt saman, prjónið þar til 3 lykkjur eru að merki, takið 1 lykkju óprjónaða fram af og látið hana snúið yfir á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman, 1 slétt (færið merkihringinn yfir á hægri prjóninn) endurtakið frá *til* út umferðina.

Endurtakið laskaúrtöku í annarri hverri umferð þar til 40 (42) 42 (45) 44 (46) 46 (48) lykkjur eru eftir á framstykkinu.

Í næstu umferð eru felldar af 10 (11) 12 (14) 14 (16) 16 (18) lykkjur í miðju á framstykkinu fyrir hálsmál, prjónið út umferðina og klippið frá.

Byrjið á réttunni við hálsmálið.

Prjónið sléttprjón fram og til baka og laskaúrtöku á réttunni.

Fellið af 3,2,1 lykkjur í byrjun umferðar frá hálsmáli.

Endurtakið laskaúrtöku á réttunni þar til búið er að taka úr allar lykkjur á framstykkinu.

Fellið af lykkjurnar sem eftir eru.

FRÁGANGUR OG HÁLSLÍNING

Saumið handveginn saman á röngunni.

Notið hringprjón nr. 6 og prjónið upp 9 lykkjur af hverjum 10 lykkjum/umferðum meðfram hálsmálinu. Passið að álíka margar lykkjur séu meðfram hálsmálinu á hvorri hlið á framstykkinu.

Prjónið 5 umferðir brugðningu (1 slétt, 1 brugðin), fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum í 6. umferð.

Gangið vel frá öllum endum.

Til hamingju með nýju peysuna! 😊



